

Nd.

308. Frumvarp til laga

[156. mál]

um sölu lands úr ríkisjörðinni Grenivík í Grýtubakkahreppi.

Flm.: Jónas G. Rafnar, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórn Íslands er heimilt að selja hafnarsjóði Grýtubakkahrepps landspildu úr landi Grenivíkur, allt að 7 ha. að stærð, sem verði athafnasvæði fyrir nýja höfn á Grenivík.

2. gr.

Náist ekki samkomulag um verð hins selda lands, skal það ákvarðað af 2 dómkvöddum mönnum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á vegum hreppsnefndar og hafnarnefndar Grýtubakkahrepps er unnið að hafnarbótum við Grenivík.

Á sameiginlegum fundi þessara aðila 11. febr. s. l. var samþykkt með öllum atkvæðum tillaga um að óska eftir því, að flutt yrði frumvarp til laga um, að ríkisstjórn Íslands fái heimild til að selja hafnarsjóði Grýtubakkahrepps landsvæði úr landi ríkisjarðarinnar Grenivíkur til að vera athafnasvæði fyrir hina nýju höfn. Stærð og lega landsins fari eftir samkomulagi fyrrnefndra aðila.

Á grundvelli þessarar tillögu hefur verið markað inn á uppdrátt af Grenivík svæði það, sem hreppsnefnd og hafnarnefnd fara fram á að fá keypt, og mun stærð þess vera um 7 ha.